

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 5. nóvember 2020, kl. 11:00.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands mættu Björn Snæbjörnsson og Árni Steinar Stefánsson. Frá SNS mættu Benedikt Þór Valsson, Inga Rún Ólafsdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Grein 8.2.4 um borgaralegan fatnað

Samstarfsnefndin er sammála um að grein 8.2.4 um borgaralegan fatnað breytist. Fjárhæð skal breytast 1. janúar ár hvert en miðaðist áður við mánaðarmótin nóvember/desember.

Niðurstaða:

Grein 8.2.4 hljóði svo:

8.2.4 Borgaralegur fatnaður:

Þar sem sérstaklega er krafist borgaralegs fatnaðar í stað hefðbundins vinnufatnaðar við vinnu, t.d. á öldrunarheimilum, sambýlum og í dagþjónustu, skal hann látinn í té eða greiddir fatapeningar kr. 20 á unna klst. Á hjúkrunardeildum öldrunarstofnana, sem starfa samkvæmt Edenstefnunni eða þeim stofnunum sem taka mið af Edenstefnunni, bætist 20,02% álag á greidda fatapeninga.

Framangreind fjárhæð greiðist mánaðarlega. Fjárhæðin skal breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu fatnaðarliðar (031) í vísitölu neysliverðs með vísitölu októbermánaðar 2019 sem grunnvísitölu 131,8 stig.

2. Skór í ræstingu og skólaliðar

Í gildandi kjarasamningi aðila var gerð breyting var gerð á j-lið greinar 8.2.2.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að starfsfólk sem ber starfsheitið „skólaliði með ræstingu“ þar sem meiri hluti starfsins er ræsting, skuli fá vinnufatnað og skó samkvæmt ákvæðum í c-lið og j-lið í grein 8.2.2.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.